

*HALLÓ LITLA ÞJÓÐ*  
*Eftir Benóný Ægisson og*  
*Magneu Matthíasdóttur*  
*Söngleikur - brot*

**5. ATRIÐI.**

*Sviðið er eldhús á heimili ráðherraþjónanna. DALLI situr við eldhúsborð hlaðið mat og treður í görnina. Galopinn ísskápur og brotinn gluggi í baksýn. DALLI tekur ekki eftir HEINREKI HANS sem kemur dansandi inn með haglabyssu.*

HEINREKUR HANS

*(Sönglar)*

Haglabyssubrúðkaup

við höldum haglabyssubrúðkaup

Byssuna rek í bakið og beint upp að altari

*(sér Dalla. Bregður en áttar sig skjótt. Byssan í skotstöðu. Til áhorfenda)*

Nú ber vel í veiði.

*(Við Dalla)*

Stattu kyrr! Hreyfðu þig ekki!

*DALLI stekkur á fætur. Kemur ekki upp nokkru orði.*

HEINREKUR HANS

Hvað ertu að gera hérna? Hver ertu? Hver sendi þig?

DALLI

É.. ég.. ég hérna..

HEINREKUR HANS

Ertu málhaltur? Þroskaheftur? Hvað er að þér maður?

DALLI

É.. ég.. ég er bara svangur.

HEINREKUR HANS

Svangur? Hvað ertu að vilja hér? Afhverju borðar þú ekki heima hjá þér?

DALLI

Ég á hvergi heima.

HEINREKUR HANS

Það er kolólöglegt. Þetta er réttarríki. Þú verður að eiga einhversstaðar heima. Hvert ætti að senda álagningarseðlana ef enginn ætti neinsstaðar heima?

DALLI

Það veit ég ekki.

HEINREKUR HANS

Það veit ég vel. Jæja. Nú hringi ég á lögregluna.

DALLI

Nei ekki hringja. Frekar vil ég láta skjóta mig.

*HEINREKUR HANS lyftir byssunni.*

DALLI

Þú getur ekki skotið mig. Það er kolólöglegt líka.

HEINREKUR HANS

Réttast væri að ég skyti þig niður eins og melrakkagreni. En það er víst rétt hjá þér að það er ekki fullkomlega löglegt. Maður í minni stöðu verður að passa vel uppá slíkt.

DALLI

Þinni stöðu?

HEINREKUR HANS

Þekkirðu mig ekki? Ég er Heinrekur Hans dómsmálaráðherra.

DALLI

Djöfullinn sjálfur. Ég hefði varla getað valið verri stað til að brjótast inn. Nema kannski lögreglustöðina. Helvítis klúður alltaf hreint. Heyrðu! Hvað fær ráðherra í kaup?

HEINREKUR HANS

Það eru nú ekki stórir peningar, launin og nefndarstörfín. En aðstaðan er dýrmæt. Sjáðu til.. Hvað er ég að segja þér þetta? Ég hringi tafarlaust á lögregluna.

DALLI

Nei ekki gera það. Ég skal ganga frá eftir mig. Vaska upp. Gera við rúðuna. Slá blettinn. Hvað sem er ef þú hringir ekki á lögregluna.

HEINREKUR HANS

Það er naumast. Jæja við látum það bíða í bilið. Þakkaðu bara fyrir að ég skýt þig ekki á staðnum.

DALLI

Þakka þér fyrir. Þakka þér innilega fyrir.

HEINREKUR HANS

Þú vilt ekki að ég hringi á lögregluna. Ertu kannski góðkunningi hennar? Hvað heitirðu?

DALLI

Dalli. Ég meina.. Daníel Jóakimsson.

HEINREKUR HANS

*(Tekur símann og hringir)*

Daníel Jóakimsson. Rannsóknarlögreglan? Heinrekur Hans hérna megin.

DALLI

Þú varst búinn að lofa..

HEINREKUR HANS

Daníel Jóakimsson? Kannastu við kauða.. Jæja er það svo. Efnispiltur greinilega..

Nei nei. Nei ég var beðinn að athuga málið.. Þakka þér fyrir.

*(Leggur á)*

Jæja lagsmaður. Svo þú ert strokufangi. Syndalistinn þinn var sannarlega fróðlegur.

DALLI

Uss ég er bara smákall. Þessvegna sat ég inni.

HEINREKUR HANS

Þú ert víðsýnn þykir mér.

DALLI

Augu mín eru að opnast fyrir því að maður þarf ekki að búa við skert hreyfingarfrælsi ef maður stundar lögverndaða glæpastarfsemi eins og fasteignasölu eða heilðsölu. Eða þá pólitík.

HEINREKUR HANS

*(Áhugasamur)*

Svo þig langar til að verða stórkall. Hvernig ætlarðu að fara að því?

DALLI

Ég veit það ekki. En það eru einhver ráð til að komast inn í allar mafíur. Mér hefur dottið í hug að ríða mig inn í þessa. Flestar þessar yfirstéttarpíur vantar ekkert nema góðan böll. Þegar þær eru fastar á króknum má fara í pabba. Af hverju léstu lögguna ekki hirða mig?

HEINREKUR HANS

Mig langaði til að kynna þér Daníel. Þó þú sért næstum því atvinnurekandi minn þá kynnist ég fáum þér líkum. Svo er eitthvað við þig sem mér líkar.

DALLI

Ertu ekki til í að hætta að miða þessari byssu á mig? Hún gæti verið hlaðin.

HEINREKUR HANS

Byssunni? Jú það ætti að vera í lagi.

*(Stillir byssunni upp við borðið)*

Sestu.

DALLI

*(Sest)*

Hvernig ættir þú að hafa samúð með skítseyði og aumingja eins og mér? Ég á ekki neitt. Ég er ómenntaður. Ég er ættlaus. Ég hef ekki einusinni farið í meðferð. Ég hef aldrei verið neitt en þú ert fæddur með gullskeið í munninum.

HEINREKUR HANS

Ojæja. Ekki hefur það alltaf verið svo í minni fjölskyldu. Langalangalangaamma mín át til dæmis skósóla í Skaftáreldum.

DALLI

Það eina sem ég hef er viljinn til að verða eitthvað.

HEINREKUR HANS

Þar sem er vilji þar er von.

DALLI

Mig hefur alltaf langað til að sitja bakvið risastórt skrifborð og gefa skipanir í síma.

HEINREKUR HANS

Ekkert er jafngöfugt og löngun ungs manns til að sigra heimin.

DALLI

Hafa leynibar í bókaskápnunum.

HEINREKUR HANS

Að komast upp á tindinn kostar sjálfsaga og þrotlausa vinnu.

DALLI

Og rétt sambönd. Ég gæti haft tvo einkaritara. Annan til að blanda drykki og hinn til að taka í á sófanum.

HEINREKUR HANS

Ég man þegar ég var ungur maður að lesa lög. Þá var unnið myrkranna á milli. Knúinn áfram af metorðagirnd sem gaf engan grið. Háskólinn á daginn - pólitíkin á kvöldin og næturnar.

DALLI

Og þegar ég kæmi þreyttur heim tæki konan á móti mér með glas í hendi og matinn á leiðinni.

HEINREKUR HANS

Önnum kafinn allan sólarhringinn. Konan sá mig aldrei. Guð má vita hvenær mér tókst að koma stelpunni undir.

DALLI

Einbýlishús. Jeppi. Bátur í flæðarmálinu. Golfherðir til Kaliforníu. Melluferðir til Amsterdam.

HEINREKUR HANS

Bara að ég hefði eignast son. Þegar aldurinn færir yfir langar mann til að yfirfæra árangur ævinnar á komandi kynslóð. Hver á að taka við þar sem frá var horfið?

*HEINREKUR HANS hefur gleymt sér í fortíðarþrá sinni. DALLI sér byssuna óvaldaða upp við borðið. Hann hleypur til, grípur byssuna og miðar á HEINREK HANS.*

DALLI

Vertu grafkyrr! Og enga stæla.

HEINREKUR HANS

Ertu orðin vitlaus drengur? Ertu að miða byssunni minni á mig?

DALLI

Ég get ekki séð að eignarétturinn skipti miklu máli úr því sem komið er.  
(*Bakkar í átt til dyra*)

HEINREKUR HANS

Skildu byssuna eftir. Skildu byssuna eftir eða ég kæri þig fyrir þjófnað.

DALLI

Kærir mig? Auðvitað hringirðu í lögregluna um leið og ég er farinn. Þú fyrirgefur - það er ekkert persónulegt - en ég neyðist til að plaffa þig áður en ég fer.

HEINREKUR HANS

Plaffa mig? Hvað áttu við?

DALLI

Skjóta þig maður. Ég get ekki tekið þá áhættu að þú sigir löggunni á mig.

HEINREKUR HANS

Ég skal ekkert segja. Farðu bara. Þú mátt taka byssuna með þér. Ég hef hvort sem er aldrei tíma til að fara á skyttrí.

DALLI

Nei kall minn! Tek ekki sénsinn á því.

(*Lyftir byssunni*)

Sorrí Stína. Ég meina það. Ég fíla þig ekkert illa.

HEINREKUR HANS

Allt í lagi. Skjóttu bara. En þá skýturðu eina manninn sem getur hjálpað þér.

DALLI

(*Lætur byssuna síga*)

Hvað meinarðu? Hjálpað mér?

HEINREKUR HANS

Þú ert ungur maður með stóra drauma. Ég er maður í áhrifastöðu.

DALLI

Komm onn maður! Lásí blöff. Ég er margdæmdur krimmi.

HEINREKUR HANS

Gleymdu því ekki að þú heyrir undir mitt ráðuneyti.

*(Syngur)*

Ef allt er í steik og ekkert er gott

Og þú ert á hvínandi kúpu

DALLI

*(Syngur)*

Þú átt ekki neitt að elda í pott

utan kannski naglasúpu

HEINREKUR HANS

*(Syngur)*

Veröldinn veðsett víxlar að kalla

vondir dagar á næsta leyti

DALLI *(Syngur)*

Er ráðið að þekkja rétta kalla

sem redda því upp í ráðuneyti

DALLI

*(Syngur)*

Aflabrestur og allsengin veiði

útgerðin hjá þér öll í basli

HEINREKUR HANS

*(Syngur)*

Það læðist að þér lúi og leiði

logarnir gleypa frystihúsdraslið

DALLI

*(Syngur)*

Ef það kemst upp því einhver sá til þin

ákæran er á næsta leyti

HEINREKUR HANS

*(Syngur)*

Þá væri réttast að ramba til mín

ég redda því uppí ráðuneyti

DALLI

Hvernig get ég verið viss um að þú makkir rétt? Hvaða tryggingu hef ég?

HEINREKUR HANS

Ég gæti gefið þér hana dóttur mína. Það er líka bráðnauðsynlegt fyrir mig að gifta hana þannig að þetta gæti orðið okkur báðum til góðs.

DALLI

Giftast! Er engin önnur leið?

HEINREKUR HANS

Vafalaust. En geturðu hugsað þér betri tryggingu? Það gefur auga leið að ég myndi aldrei láta setja tengdasoninn á Hraunið.

DALLI

Okei ég slæ til. En ég vil fá það skriflegt.

HEINREKUR HANS

Það er í lagi. Ertu með penna?

DALLI

*(Leitar í vösum)*

Nei.

*HEINREKUR HANS leitar líka í sínum vösum. Það kemur skríttinn svipur á andlit hans. Hann tekur haglaskot upp úr vasanum.*

DALLI

Hvað er þetta? Skotin! Þá er..

HEINREKUR HANS

..byssan óhlaðin. Já minnið er ekki það sem það var.

DALLI

*(Leggur frá sér byssuna)*

Djöfulsins. Það tekst aldrei neitt hjá mér. Ókei. Hringdu í lögguna.

HEINREKUR HANS

Bíddu hægur laxmaður. Hver er kominn til að segja að Heinrekur Hans gangi á bak orða sinna? Það er að segja í ópólitísku máli.

DALLI

Ég þvingaði þig til að lofa mér.

HEINREKUR HANS

Dalli ég kann vel við þig. Þú ert undirförufull, lyginn, svikull, tækifærissinnaður og gjörsamlega samviskulaus. Þú gætir verið sonur minn.

DALLI

Hvað viltu að ég geri? Gangi frá? Vaski upp?

HEINREKUR HANS

Nei Dalli. Ég vil að þú verðir tengdasonur minn.

DALLI

Ertu vitlaus maður. Ég klúðra öllu.

HEINREKUR HANS

Ekki ef ég held í hemilinn á þér. Sjáðu til. Ég er farinn að eldast og mig vantar samstarfsmann sem ég get treyst. Hvað er betra en samstarfsfús tengdasonur?

DALLI

Ónei. Þessi gengur ekki.

*HEINREKUR HANS lyftir símtólinu.*

DALLI

Ókei ókei. Hvar er þessi stelpa?

HEINREKUR HANS

*(Kallar)*

Kona! Komdu með stelpuna. Ég er búinn að finna mann handa henni.

*RÁÐHERRAFRÚ og DADA koma inn. DADA er komin í brúðarkjól sem FRÚIN er að laga til á henni. DADA snarstansar þegar hún kemur auga á DALLA sem er jafnundrandi.*

DALLI

Dada!?

DADA

Dalli!?

FRÚIN

Þekkist þið? Mikið var það gaman.

DADA

Þekkjumst. Þetta er helvítið sem barnaði mig.

FRÚIN

Það á þá vel við að þið giftist. Ég vissi að allt færi vel þegar hann Henni minn tók málin í sínar hendur.

DADA

Ég skal aldrei giftast þessu úrþvætti.

FRÚIN

Láttu ekki svona Dada mín. Þetta er myndarpiltur.



DADA

Hann er hreinn og klár skíthæll.

DALLI

Þú ert enginn engill heldur beljan þín.

HEINREKUR HANS

Ég fyrirbýð ykkur að tala svona við hvort annað fyrr en þið eruð gift. Þið giftið ykkur strax í nótt. Vér höfum talað.

FRÚIN

Heinrekur minn. Kjóllinn er ekki tilbúinn.

HEINREKUR HANS

Málið er útrætt.

DALLI

Þar skjátlást þér hrapalega. Ég ætla ekki að fara að riðlast á þessu aftur. Þá gæti ég alveg eins veifað honum útum gluggann.

*HEINREKUR HANS tekur haglabyssuna, smellir skothylkjunum fimlega í hana, lokar með öðrum smelli og lítur þýðingarmiklu augnaráði á DALLA sem fórnar höndum í uppgjöf.*

DADA

Af hverju vill enginn hlusta á okkur? Við viljum ekki giftast

FRÚIN

Þetta verður allt í lagi Dada mín. Sannaðu til. Þú trúir ekki hvað það er yndislegt að vera gift góðum manni - ja eða bara einhverjum manni. Það má alltaf lappa uppá þá eftir brúðkaupið.

*(Syngur)*

Er ástarstrengir óma frítt  
í æskufólksins hjörtum  
og ótal rósir anga blítt  
í unaðsheimi björtum  
þá tengjast saman hönd og hönd  
í hjónabönd

KÓR

Hjónaband er hornsteinn þjóðar  
Hjónaband er kvittun synda  
öruggt líf og eignir góðar  
(Ágætt sjónvarp tilaðmynda)

DADA

*(Syngur)*

Í vanda stórum verðið dýrt  
viðstöðulaust skal greiða

Þó útlitið sé ekki hýrt  
má eflaust göllum eyða  
Þau hæfa vísast hugog önd  
öll hjónabönd

#### KÓR

Hjónaband er hornsteinn þjóðar  
Hjónaband er kvittun synda  
öruggt líf og eignir góðar  
(Ágætt sjónvarp tilaðmynda)

#### FRÚIN

(*Syngur*)  
Ef framtíðin er fín og slétt  
er fengið allt sem vantar  
Í hjónasæng má hórast létt  
er heflast burtu kantar  
Sú hugsun tíðkast heims um lönd  
um hjónabönd

#### KÓR

Hjónaband er hornsteinn þjóðar  
Hjónaband er kvittun synda  
öruggt líf og eignir góðar  
(Ágætt sjónvarp tilaðmynda)

© ***Benóný Ægisson og Magnea Matthíasdóttir 1987***

*Verkið má ekki afrita eða flytja opinberlega án leyfis höfunda*